

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

Flm.: Ólína Þorvarðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að setja frekari ákvæði um tilhögun slíkra vísindaveiða í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á lögum um stjórn fiskveiða að ákvæði 3. gr. laganna um vísindaveiðar verði gert víðtækara og skilvirkara en verið hefur, þannig að veiðar samkvæmt ákvæðinu get nýst til frekari gagnaöflunar og aukið þann þekkingarforða sem Hafrannsóknastofnunin byggir veiðiráðgjöf á og stjórnvöld ákvarðanir um nýtingu fiskistofnanna við landið.

Breytingin miðar að því að tryggja að vísindaveiðar fari fram undir vísindalegri stjórn á vettvangi hefðbundinna veiða þar sem stuðst er við rannsóknargögn, fengin á vettvangi, og þar sem reynsla og þekking sjómanna nýtist við vísindalega úrvinnslu þeirra gagna sem verða til við veiðarnar. Þar með er unnt að taka mið af reynslu og þekkingu sjómanna á Íslandsmiðum sem mikilsvert er að nýtist við mat á fiskistofnunum við landið um leið og stjórnvöld hafa þá einnig gleggri upplýsingar að miða við þegar ákvarðanir eru teknar um aflamark fisktegunda og sjálfbæra nýtingu fiskistofnanna. Til að tryggja sem breiðastan þekkingargrunn fyrir stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun að vinna með má gera ráð fyrir því að yfirumsjón slíkra veiða verði á höndum sjálfstæðra vísindastofnana, hérlandra eða erlendra, sem ýmist starfa sjálfstætt eða í samvinnu við Hafrannsóknastofnun og útvegsmenn.

Gert er ráð fyrir að kostnaður af vísindaveiðum verði greiddur með tekjum af afla sem fæst við veiðarnar.

Tölur Hafrannsóknastofnunarinnar um stofnstærðir helstu nytjastofna í hafinu sýna að spár stofnunarinnar hafa gengið misvel eftir í áranna rás. Veiðar á Íslandsmiðum eru nú einungis lítill hluti af því sem var á níunda áratug síðustu aldar þegar árlega voru veidd hér við land 300–500 þúsund tonn. Á síðasta ári var heildarafli úr íslenska þorskstofninum aðeins 147 þúsund tonn, en það er minnsti ársafla í hartnær 70 ár.

Hið sveiflukenna mat á stofnstærðum í hafinu hefur leitt til áralangs ágreinings um aflaráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar og árlega ákvörðun stjórnvalda um úthlutun aflamarks. Auk gagnrýni frá sjómönnum hafa komið fram efasemdir frá fiskifræðingum um ágæti hefðbundinna aðferða við fiskveiðistjórn. Sú staðreynd gefur stjórnvöldum tilefni til þess að kalla eftir ítarlegri gagnaöflun og skapa skilyrði til þess að breikka þekkingargrunninn um ástand fiskistofnanna við landið.

Í því sambandi má líta til þróunarinnar í Barentshafi þar sem rannsóknir VNIRO, hafrannsóknastofnunarinnar í Murmansk, hafa leitt í ljós að þorskstofninn í Barentshafi er umtalsvert stærri en áður var talið. Þær niðurstöður fengust með því að vísindamenn fylgdust náði með fiskiskipum að veiðum, aflabrögðum þeirra og yfirborðshita og ástandi sjávar hverju sinni. Tekið var tillit til þess við úrvinnsluna hvernig skip voru á veiðum á hverjum stað, gerðar veiðarfæranna, toghraða og afla á togtíma. Niðurstaða mælinganna gaf til kynna að þorskstofninn í Barentshafi væri meira en helmingi stærri en Alþjóðahafrannsóknastofnunin hafði áður talið.

Þarna var í reynd um að ræða vísindaveiðar af þeim toga sem lög um stjórn fiskveiða heimila og nánar er kveðið á um í fyrirbyggjandi frumvarpi.

Með þeirri breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem frumvarpið kveður á um væri ráðherra heimilt að leyfa takmörkuðum fjölda íslenskra fiskiskipa – togara, línubáta, snurvoðar-báta, netabáta og handfærabáta – að veiða frjást í tiltekinn tíma og safna um leið mikilvægum upplýsingum til þess að byggja veiðiráðgjöf og ákvarðanir á. Þarna gætu akademísk vísindi og reynsluvísindi sameinast á árangursríkan hátt.

Mikið er í húfi. Fiskimiðin við landið eru okkar verðmætasta auðlind. Það hefur aldrei verið brýnna en einmitt nú að nýta auðlindirnar með sjálfbærum hætti þannig að arðsemi þeirra renni inn í þjóðarbúið. Það hefur heldur aldrei verið brýnna að ná sátt um málefni þeirrar undirstöðuatvinnugreinar sem sjávarútvegurinn er. Til þess að það megi taskast þarf þó að liggja fyrir þekking á auðlindinni og þeim möguleikum sem í nýtingu hennar eru fólgnir.

Þannig verður helst uppfyllt það markmið fiskveiðistjórnunarлага að „stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu“ fiskistofna og tryggja með því „trausta atvinnu og byggð í landinu“.